

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 659/2014, um vigtun og skráningu meðafla við veiðar á uppsjávarfiski.

1. gr.

Ný 2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Við veiðar á uppsjávarfiski er ekki skylt að skilja meðafla frá uppsjávarafla. Grásleppa sem meðafla við uppsjávarveiðar skal ekki telja til aflamarks.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 2. mgr., 9. gr. og 30. gr. laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, sbr. 2. mgr. 7. gr. a. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Matvælaráðuneytinu, 14. febrúar 2025.

Hanna Katrín Friðriksson
atvinnuvegaráðherra.

Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir.

B-deild – Útgáfudagur: 28. febrúar 2025